

Fundargerð

1. Almennar upplýsingar

- 1.1. **Heiti verkefnis:** Lagning ljósleiðara í Hrunamannahreppi
- 1.2. **Dagsetning:** 18.7.2018 **Fundartími:** 13:00 – 14:30
- 1.3. **Staður:** Flúðir
- 1.4. **Höfundur:** Guðmundur Daníelsson (GD)
- 1.5. **Mættir:** Lúðvig Þorfinnsson (LP), Hannibal Kjartansson (HK), Guðmundur Daníelsson (GD), Hörður Úlfarsson (HÚ),

2. Dagskrá

- Útistandandi mál síðasta verkfundar
- Framgangur við þann áfanga sem unnið er við
- Næstu skref og áfangar
- Önnur mál er varðar efni fundarins

3. Umræður

- Farið var yfir útistandandi mál síðasta fundar. Þau eru öll komin í farveg.
- Unnið er við lokafrágang á áfanga 4, mælingar á gæðum ljósleiðara standa yfir og reiknað er með að þær berist verkkaupa öðru hvoru megin við næstu helgi. Jarðvinna við áfanga 1a er langt á veg komin. Verið er að ganga frá síðustu heimtaugum.
- Farið var yfir lagnaleiðir í áfanga 2 og tiltekna breytingar gerðar á staðsetningu brunna. Jarðvinna við áfangann er skriðin af stað og gengur að óskum. Blástur strengja í áfanga 1a er hafinn. Umræða átti sér stað um þau rör þar sem strengur var í rörinu. Misjafnlega vel gekk að endurnýja strenginn en gekk að lokum. HK óskaði eftir því að dælustöðvar yrðu tengdar fljótt ef mögulegt er.
- Rætt var um núverandi streng frá símstöð Mílu inn í nýja tengimiðju. HK og LP finna heppilega leið til þess að leggja innanhússtreng að núverandi inntaki eða færa inntakið inn í tengiskáp. GD sagði að gera þyrfti ráð fyrir 6-8 þráðum til reiðu þessa leið.
- Farið var yfir verkáætlun með verktaka og staða verksins er í stórum dráttum samkvæmt áætlun.
- GD sagði frá samtali við fulltrúa Kríubyggðar þar sem ákveðið var að útbúið yrði kynningablað þar sem fram kæmu upplýsingar varðandi svæðið og ljósleiðaraverkefnið.
- Umræða átti sér stað varðandi GPS mælingar af staðsetningu lagna.
- Fleira ekki rætt.

4. Niðurstaða / Næstu skref

- GD uppfæra teikningar í samræmi við breytingatillögur í áfanga 2.
- HK og LP búa til leið fyrir 6-8 þræði frá tengiskáp yfir í símstöð Mílu (innanhússlögn eða færsla á streng).
- GD útbúa kynningablað fyrir Kríubyggð.